# Vilt þú vinna sem stuðningsfulltrúi?
# Vertu með í frábærum hóp!

Grunnskólinn í Þorlákshöfn auglýsir eftir 1–2 stuðningsfulltrúum fyrir næsta skólaár í 80-100% stöður. Ráðið verður í stöðurnar frá og með 15. ágúst 2026.

Í skólanum eru um 290 nemendur og 70 starfsmenn. Starfið felst í að aðstoða nemendur í daglegu skólastarfi og frístund, styðja við félagslega og námslega færni og vinna náið með kennurum og öðru starfsfólki.

Skólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar, teymiskennslu og leiðsagnarnáms og tekur þátt í verkefnum á borð við Grænfána og Heilsueflandi skóla.

Einkunnarorð skólans eru vinátta, virðing og velgengni.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð almenn menntun - stuðningsfulltrúanám eða uppeldismenntun er kostur.
- Reynsla eða menntun sem snýr að börnum með flóknar þjónustuþarfir er kostur.
- Góð íslenskukunnátta.
- Áhugi á að starfa með börnum.
- Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki er skilyrði.

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Störfin eru í launadreifingu.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2026.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri og Garðar Geirfinnsson, aðstoðarskólastjóri olina@olfus.is / gardar@olfus.is.

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.
Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

ÖLFUS
Hamingjan er hér